



Reykjavík, 4. apríl 2025

MSS24100158

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

### Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um starfsmat

Á fundi borgarráðs 17. október 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um starfsmat:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um það hvaða kjarasamningar Reykjavíkurborgar innihalda ákvæði um starfsmat en fyrir borgarráð liggur viðauki þar sem lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnáslu verði hækkaðar um 20.000þ.kr. vegna endurmats á störfum. Um hvaða störf er verið að ræða að þessu sinni, voru þau öll metin til hækkunar og þá á hvaða forsendum.*

Reykjavíkurborg gerir eða er aðili að kjarasamningum við 24 stéttarfélög og fer Reykjavíkurborg sjálfstætt með samningsumboð gagnvart 18 stéttarfélögum. Þá hefur Reykjavíkurborg átt aðild að sameiginlegri samningsgerð Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna grunnskólans frá því að ákvörðun var tekin um flutning grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga.

Samið hefur verið um starfsmat við grunnaunasetningu starfa í öllum þeim kjarasamningum sem Reykjavíkurborg er með samningsumboð fyrir. Eftirtalin félög hafa því samið um starfsmat í sínum kjarasamningum:

Félög innan Starfsmats.
Sameyki
Efling
Samiðn
Félag vélstjóra og málmæknimanna
Rafiðnaðarsamband Íslands
Stéttarfélag sjúkráþjálfara
Sjúkraliðafélag Íslands
Viska stéttarfélag
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga
Stéttarfélag lögfræðinga
Félag íslenskra náttúrfraeðinga
Verkfræðingafélag Íslands
Iðjuþjálfafélag Íslands
Félag íslenskra hjúkunarfræðinga
Stéttarfélag tölvunarfræðinga
Félagsráðgjafafélag Íslands
Sálfræðingafélag Íslands
Brú félag stjórnenda
Þroskaþjálfafélag Íslands



Reykjavík



Endurmat á störfum á sér stað þegar metið er að helstu verkefni eða skyldur starfs hafa breyst. Vinnuveitandi og/eða starfsmaður sjálfur geta óskað eftir endurmati á starfi og færa skal rök fyrir þeim breytingum sem orðið hafa. Endurmat á starfi getur ýmist leitt til hækkunar, lækkunar eða óbreyttrar niðurstöðu en leiði endurmat til hækkunar þá gildir hækkunin frá þeim tíma sem gögnum var skilað. Ef endurmat leiðir til lækkunar hefur það ekki í för með sér lækkun hjá því starfsfólki sem er í starfsheitinu en nýtt starfsfólk sem ráðið er til starfa eftir að niðurstaða liggur fyrir fær greitt samkvæmt nýrri starfsmatsniðurstöðu.

Á tímabilinu janúar til maí 2024 voru það 9 störf sem lögð voru fyrir starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar á grundvelli endurmats. Þegar óskað er eftir endurmati á störfum, skv. ákvæði kjarasamninga, er það oftast vegna þess að breytingar hafa orðið á störfum. Eftirfarandi störf hækkuðu í endurmati: ráðgjafi við fardeild, talmeinafræðingur, talmeinafræðingur í sérskóla, yfirproskapjálfi málefnum fatlaðra, yfirproskapjálfi í sérskóla, verkefnastjóri, og þjónustufulltrúi III. Sem dæmi þá hækkaði ráðgjafa í fardeild úr 639 stigum í 675 stig, starf yfirproskapjálfa í málefnum fatlaðra hækkaði úr 615 stigum í 641 stig, yfirproskapjálfi í sérskóla hækkaði úr 664 stigum í 674 stig og þjónustufulltrúi III hækkaði úr 433 stigum í 446. Tvö störf sem óskað var eftir endurmati á tóku ekki breytingum, þ.e. frístundaleiðbeinandi og ráðgjafi við eftirlit. Samkvæmt reglum starfsmatsins tekur endurmat gildi frá þeim tíma sem gögnum er skilað og nær til þess starfsfólks sem situr í starfsheitinu. Í þessum 9 störfum sem hækkuðu á þessu tímabili sátu rúmlega 56 starfsmenn.

Virðingarfyllst,  
Lóa Birna Birgisdóttir,  
*sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs*



Reykjavík